LISTIR

Að göfga dundið

MYNDLIST


Kjarvalsstaðir

MYNDVERK-RÝMI

Kristinn G. Harðarson. Opið alla daga frá 10–18. Til 2. sept. Aðg. 300 kr.

MYNDLISTARMAÐURINN Kristinn G. Harðarson, sem undanfarin ár hefur búið skammt frá New York, vinnur öðru fremur á huglægu nótunum. þetta gerist þótt hann rækti sígilda miðla, og rissi upp hin aðskiljanlegustu fyrirbæri í umhverfinu og þá ekki síður smágerða hluti í næsta sjónmáli hverju sinni.

Síðast sáum við vinnuteikningar og skissur frá hans hendi á Mokka í febrúar á sl. ári, og var þeim fylgt úr hlaði með áhugaverðu viðtali sem Hannes Sigurðsson listsögufræðingur hafði við hann í New York nokkru áður.



Miðrými Kjarvalsstaða er vettvangur sýningarathafna Kristinns að þessu sinni, og hafi hann göfgað ruslið áður í anda „Art Povera“ , þá göfgar hann nú dundið og jafnvel stundum á þann hátt að minnir eilítið á litstefnu þá er Þjóðverjar nefna „Spurensicherung“. Um leið eins og hristir hann upp í ýmsu sem sést hefur í myndlistinni á undanförnum áratugum og þannig minnir sumt á poppið og þá helst James Rosenqist, einkum í löngu vatnslitamyndinni af barni með snuði og eldhúsvaski, jafnframt stingur „konzeptið“ upp kollinum hér og þar.

Sjálfur skilgreinir Kristinn athafnir sínar á þann veg í sýningarskrá, að naumast verður betur gert: „Lagt er af stað í leik og dundi án sjáanlegs eða skiljanlegs tilgangs, í vegarnesti einungis óeirð eða óljós eftirvænting. Leikurinn og dundið fylgja vissum leikreglum þó erfitt sé að henda á þeim reiður og hægt sé að toga þær og teygja á ýmsan hátt, þá loða þær samt einhvern veginn saman. Það er leitað í ýmsar áttir, ókunn lönd könnuð og tekið til við að finkemba – aðallega óafvitandi – hið tiltölulega afmarkaða svæði sem umritar einstaklinginn en er samt margbrotið og víðfeðmara en svo að það verði nokkurn tímann fullkannað. Smekkur og skoðanir, það lærða og persónubundna, setja reglurnar, fylgja þeim eftir og eru einnig landamæraverðir.“

Á sýningunni er það helst áberandi að vinnubrögð Kristins eru nú sýnu agaðari en fyrr og hér kemur naumhyggjan einnig inn í leikinn. Það er svo einmitt í slíkum verkum sem listamaðurinn er mest sannfærandi og án hinna nákvæmu smíðaverka sem hann hefur „dundað“ við að búa til utan um rusl og smágerða hluti, næðu þau mun síður athygli manns. Og nokkrar vel gerðar vatnslitamyndir auka einnig ris sýningarinnar, þrátt fyrir að þær komi eins og skollinn úr sauðarleggnum á þessari yfirmáta hugmyndafræðilegu sýningu.

Sennilega er hið opna miðrými ekki ákjósanlegasti staðurinn fyrir sumar myndirnar, sem kalla á meiri innileika og næði, og aðrar njóta sín alls ekki í uppsetningunni og virka jafnvel þungar og leiðigjarnar.

Sýningin í heild ber vott um að listamaðurinn sé enn á fullu í leit að fótfestu, sanki að sér áhrifum víða að og þau amerísku séu enn í gerjun. Að því leyti telst hann jarðtengdur í list sinni og opinn fyrir umheiminum og það eru bestu eiginleikar framsækinna listamanna í dag.

Bragi Ásgeirsson



SÖNGHÓPURINN Hljómeyki, sem söng á næst síðustu sumartónleikum í Skálholti.

Frábær kórsöngur

TÓNLIST

Skálholtskirkja

ENSK KIRKJUTÓNLIST

Flytjendur Hljómeyki. Stjórnandi: Bernharður Wilkinson.

NÆST síðustu tónleikarnir á 20. starfsári Sumartónleika í Skálholtskirkju voru helgaðir enskri kirkjutónlist og stóð þar að verki kammersönghópurinn Hljómeyki undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar, en Bernharður hefur undanfarið látið nokkuð að sér kveða sem kórstjóri og má geta þess, að faðir hans er þekktur kórstjóri í Englandi, sem sannar tilgátuna um eplið og eplatréð.

Þegar Hinrik VIII. sleit öllu sambandi við páfadóm, sá Thomas Cromwell (1485–1540) um að ensk tónskáld stæðu ekki í því að semja „lög við papískar vísur“. Vandræði enskra tónskálda minnkuðu nokkuð meðan Elísbet I., dóttir Hinriks VIII., réð ríkjum. Það var svo Oliver Cromvell sem bannaði „ósiðlega tónlist“ og þegar hann skildi við (1658) höfðu Englendingar týnt niður nærri allri kunnáttu í tónsmíði, svo að Karl II. sem tók við konungdómi 1660, neyddist til að senda tvö efnileg tónskáld til Frakklands að læra tónsmíði. Bæði Humfrey og Purcell dóu ungir og án þess að hafa komið kunnáttu sinni í hendur námfúsum tónlistarmönnum, því þegar Handel kemur svo til Englands um 1712 kunni enginn þar í landi nokkuð sem heitið getur í tónsmíði. Handel, sem var menntaður í Þýskalandi, hafði tileinkað sér ítalskan tónstíl og reyndi svo að semja enska tónlist, ruglaði Englendinga svo rækilega í ríminu, að þar var ekki fyrr en „herramennirnir“ Hubert Parry og Charles V. Stanford endurreistu enska tónmenntakunnáttu, að ensk tónskáld taka virkilega að kveða sér hljóðs að nýju.

Þessi kaflaskil í enskri tónlistarsögu koma vel fram í uppröðun enfisisskrár sumartónleikanna, því fyrstu fimm tónskáldin eru öll fædd á 16. öld og þau yngstu lifðu fram á miðja þá 17. Purcell einn er frá síðari hluta 17. aldar og síðan líða um það bil 200 ár þar til Stanford, Harris og Bax koma fram, en þeir eiga hlut að „ensku endurreisninni“ á sviði tónlistar, ásamt Sullivan og Elgar. Fyrsta lagið á efnisskránni, O Praise God, eftir Robert White (eða Whyte 1525–1574) er falleg tónsmíð en hann starfaði við Westminster Abbey frá 1570. Næstu viðfangsefnin voru eftir Tomkins, Tallis og nemanda hans, Byrd, sem allir voru frægir snillingar, en líklega var Byrd þeirra mestur, enda flutti kórin þrjú söngverk eftir hann. Richard Dering (eða Deering) var kaþólikki en naut samt nokkra hylli hjá Oliver Cromwell, enda er lag hans, Factum est Silentium, ágætt söngverk. Tónsmíðar þessar voru afburða vel fluttar af Hljómeyki undir stjórn Bernharðs og sama má segja um Hear my Prayer eftir Purcell, en í því verki má heyra skemmtilegar ómstreytur, sem tónfræðingar fyrrum töldu vera villur, en nú þykja vera til mikilar prýði á tónmáli þessa snillings.

Tvö hundruð ár líða og síð-barokkin og klassíkin líða framhjá Englendingum og það er ekki fyrr en með síðrómantíkinni að ensk tónskáld ná sér á strik og þar fer fyrstur Stanford en efir hann söng Hljómeyki Beati Quorum Via. Eftir William H. Harris söng kórinn Faire is the Heaven og lauk þessum frábæru tónleikum með sönglega mjög erfiðu verki eftir Arnold Bax, This Worldës joie, sem kórinn í heild skilaði vel, þó nokkuð vantaði á að karlaraddirnar réðu yfir nægilegum raddþrótti þegar mest á reyndi. Ensk kórtónlist er erfið, bæði hvað varðar tónskipan og raddkröfur, og segja þessir tónleikar nokkuð um ágæti söngflokksins Hljómeykis, að skila enskri söngheð svo vel sem á þessum tónleikum og einnig, að Berharður Wilkinson er góður kórstjóri sem á sannarlega erindi upp á stjórnpallinn.

Jón Ásgeirsson

Óþokkalið frá Íslandi

KVIKMYNDIR


Sagabíó

„D2 – THE MIGHTY DUCKS“ ★½

Leikstjóri: Sam Weisman. Handrit: Steven Brill. Framleiðandi: Jordan Kerner og Jon Avnet. Aðalhlutverk: Emilio Estevez, Kathryn Erbe, Michael Tucker, Jan Rubes, Karsten Norgaard og María Ellingsen. Walt Disney. 1994.

ALVEG frá því Hollywood-mógúlarnir gerðu „Iceland“ á stríðsárunum hafa Íslendingar verið nokkuð viðkvæmir fyrir þeirri ímynd sem gefin er af Íslandi á hvíta tjaldinu. Ekki þannig að sífellt sé verið að lýsa Íslendingum í Hollywood, öðru nær, en þá ber þó fyrir augu annað veifið: „Stilltu þig gæðingur“ er gullaldarsetning Önnu Björns í framhaldsmyndinni „More American Graffiti“ og íslenskar fyllibyttur í Tvídröngum og íslenskur málari í Leikmanninum eru líklega eftirminnilegustu landkynningar sem við höfum fengið í amerískum bíómyndum í seinni tíð.

Íslendingar geta glaðst yfir því að í framhaldsmyndinni „D2 – The Mighty Ducks“ hafa þeir eignast íshokkílið unglinga á heimsmælikvarða en dragbíturinn er sá að þetta lið gefur ekki sérlega fallega mynd af landi og þjóð. Það er eins og leikmennirnir hafi verið truflaðir í slagsmálum hér niður á Hallærisplani og settir í svarta og ógnandi búninga illvirkja og svo lemja þeir sig og berja áfram í úrslitaleikinn á móti litla og fallega ameríska andarliðinu, sem hefur ekki kynnst öðrum eins óþokkum á ævinni og áhorfendur varla heldur.



ATRIÐI úr „D2 – The Mighty Ducks“.

Það kemur nokkuð spánskt fyrir sjónir að Íslendingarnir bera eftirnöfn eins og Stahl af einhverjum ástæðum en íslenskar setningar heyrast á stangli. „Farðu til andskotans,“ er ein af þeim skýrustu. Íslenska leikkonan María Ellingsen fer með lítið hlutverk kærustu þjálfara íslenska liðsins, sem heitir Úlfur (Karsten Norgaard), og gerir það vel. Hún er sjálfsöryggið uppmálað í tveimur atriðum þar sem hún fer með nokkrar setningar – aðallega er hún að leiðrétta misskilninginn um nöfnin Ísland og Grænland – og bjargar landanum eiginlega fyrir horn hvað gömlu góðu landkynninguna snertir.

Annars er D2 ekki beysin mynd að neinu leyti. Hún virkar helst sem sæmilegt þrjúbíó í dáðlausri leikstjórn Sam Weisman. Óspennandi handritið er fullt af einhverri Disneyvæmni um lítilmagnann gegn ofureflinu og hvernig þjálfarinn, sem stjarna myndarinnar, Emilio Estevez, leikur, lætur glepjast um stund af gylliboðum auglýsingafyrirtækis en sér svo að sér og tekur að þjálfa litlu strákana sína af einurð. Fyrir þá krakka sem hafa gaman af íshokkí býður myndin upp á nokkuð góð atriði á ísnum og fyrir þá sem hafa gaman af ameríkskri þjóðrembu býður endirinn upp á nokkuð stórkostlegan rembing.

Arnaldur Indriðason.

Bókmenntir og kynferði á Norðurlöndum

TUTTUGASTA heimsþing IASS (International Association for Scandinavian Studies) hófst í Reykjavík í gær. Fjöldi fræðimanna tekur þátt í þinginu og eiga þeir það sameiginlegt að hafa norrænar bókmenntir að sérsviði.

IASS eru samtök háskólamanna og fræðimanna um allan heim í norrænum fræðum, einkum bókmenntum. Markmið samtakanna er meðal annars að halda heimsþing annað hvert ár, til skiptis á Norðurlöndum og í landi utan þeirra þar sem norræn fræði eru stunduð. Venjulega er á þinginu tekið fyrir eitthvert ákveðið efni.

Heimsþing IASS hefur einu sinni áður verið haldið á Íslandi, fyrir réttum 20 árum, eða 1974. Nú er það haldið hér í boði Bókmenntafræðistofnunar Háskóla Íslands. Efni heimsþingsins að þessu sini er „Bókmenntir og kynferði á Norðurlöndum“ og verður það haldið í Odda.

Prófessor Helga Kress er forseti IASS en í undirbúningsnefnd sitja auk hennar Vésteinn Ólason, prófessor og deildarforseti Heimspekideildar, Ástráður Eysteinsson, prófessor, Dagný Kristjánsdóttir, dósent, og Úlfar Bragason, forstöðumaður Stofnunar Sigurðar Nordals.

Þingið hófst með fyrirlestri norska fræðimannsins Toril Moi, sem bar yfirskriftina „Hva er en kvinne? Feministisk teori og spørsmålet om subjektivitet. Síðan kom röð fyrirlestra þar sem ýmist skoðað var kynjahlutverk í verkum einstakra höfunda, meðal annars gerði Ingrid Nymoen grein fyrir rannsóknum sínum á Jólaóratoríu Görans Tunströms, þar sem höfuðáherslan var á móðurhlutverkinu en eins og lesendur þeirrar sögu rekur eflaust minni til, var missir móður ríkjandi þáttur í sögunni. Cornelia Krüger talaði um fjölskyldumyndir í íslenskum bókmenntum 9. áratugar 20. aldarinnar. Einnig flutti Inger Selander fyrirlestur um kvenkyns sálmaskáld og Ljudmila Braude hélt erindi um norsku skáldkonuna Sigríði Undset og verk hennar Kristínu Lavransdóttur. Einnig voru skoðuð samskipti feðra og dætra í norrænum bókmenntum.

Þingið hefst í dag klukkan 9.00 með því að Per Stounbjerg flytur fyrirlestur sem nefnist „Myter om skuespillerinden. Kvindelighed simulation og Promiskuitet hos Rousselau, Almquist og Strindberg,“ þar sem hann skoðar leikkvennamýtur í verkum þessara höfunda. Frá klukkan 10.30 til 12.00 verða síðan þrír fyrirlestrar, þar sem Helena Kadekova flytur meðal annars fyrirlestur um verk Fríðu Á. Sigurðardóttur, Meðan nóttin sefur, Richard Schönström fjallar um túlkun Pers Olovs Enquists á Fröken Julíu, eftir Strindberg, Bente Liebst fjallar um samskiptamunstur kvenna frá upphafi 19. aldar í Danmörku, auk fleiri áhugaverðra fyrirlestra.

Eftir hádegi verður fjallað um verk Camillu Collett út frá nokkurm sjónarhornum, í þremur fyrirlestrum. Malan Marnersdóttir ræðir um kyn, raunveruleika og lesendur í ástarsögum út frá tveimur færeyskum ástarsögum og fjallað verður um nútíma karlabókmenntur. Einnig fjallar Christina Svensson um geðlægð karla og móðusýki kvenna í sænskum 19. aldar bókmenntum og Dagný Kristjánsdóttir fjallar um þunglyndi og angurværð í textum kvenna. Margt fleira er á dagskrá á þinginu á morgun, en það er haldið í Odda.